



Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Rvk. 25. nóv.2003

Pingsályktunartillaga um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar, 3. mál

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga frá þingflokki Samfylkingarinnar þar sem lagt er til að kosin verði nefnd níu manna með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána. Verkefni nefndarinnar verði m.a.: að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, að gera tillögur um svipaðar breytingar og aðrar Norðurlandþjóðir hafa gert í stjórnarskrám sínum þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða, að gera tillögur um að landið verði allt eitt kjördæmi, að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðar atkvæðagreiðslu um mál og skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings, að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju og að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Í greinargerð segir m.a. að stjórnarskráin þurfi að þróast í takt við þróun samfélagsins. Verulegar breytingar hafi orðið á atvinnulífi, tækni og lífsgildum Íslendinga frá því að stjórnarskrá lýðveldisins var samþykkt 1944, en breytingar á stjórnarskránni hafi verið óverulegar, ef frá er talinn mannréttindakafli hennar. Efni séu því til að ráðast í endurskoðun sem færir stjórnarskrána til samræmis við breytingar á samfélaginu.

Samtök atvinnulífsins taka undir með flutningsmönnum að eðlilegt sé að setja á stofn nefnd sem fari yfir þörf á endurskoðun stjórnarskrárinnar og mæla með samþykkt tillögunnar, þó án þess að afstaða sé tekin til þeirra verkefna nefndarinnar sem tíunduð eru.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri